


Rýmingaráætlun fyrir leikskólann Laut.

Ef brunaviðvörðunarkerfið gefur viðvörðun skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun:

- **Leikskólastjóri**

Leikskólastjóri eða staðgengill hans fer að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis og aðgætir hvaðan brunaboðin koma. Slekkur á bjöllumni og athugar þann stað sem sendir frá sér viðvörðun samkvæmt yfirlitsmynd sem er við stjórnstöðina.



- **Sími**

Sími frá vaktstöð brunaviðvörðunarkerfisins á að hringja strax og brunabjallan fer að hringja og ef um eld er að ræða á að segja þeim að kalla út slökkvilið.

- **Ef ekki er um eld eð ræða:**

Brunaboð afturkallað og viðvörðunarkerfi endursett.

- **Leikskólakennarar**

Leikskólakennarar koma fram og fá upplýsingar um hvaða hættu er á ferðum. Ef hættu er á ferðum undirbúa leikskólakennarar rýmingu leikskólans eða meti hvort það eigi að vera í kennslustofum, taka með nafnalista. Fara skal í skó og yfirhafnir ef aðstæður leyfa, athugið að deildarstjórar/leikskólakennarar bera ábyrgð á rýmingu sinna deilda.

- **Söfnunarsvæði**

Þegar komið er á söfnunarsvæði hefur hver deild sitt afmarkaða svæði. Deildarstjórar/leikskólakennarar fara yfir nafnalista og aðgæta hvort allir hafi komist út. Ef einhverntann vantar skal tilkynna leikskólastjóra eða staðgengli hans um það.

- **Leikskólastjóri**

Leikskólastjóri eða staðgengill hans fer á milli hópa og fær upplýsingar um hvort einhverjir og þá hversu margir hafi ekki skilað sér með hópnum út og kannar hvar þeir sáust síðast. Sá sem síðastur fer út úr hverri stofu skal loka öllum dyrum á eftir sér til að draga úr reykflæði um bygginguna og hindra útbreiðslu elds og reyks eins og hægt er.

- **Slökkvilið kemur á staðinn.**

Leikskólastjóri eða staðgengill hans gefur stjórnanda slökkviliðs upplýsingar um hvort einhverjir og þá hversu margir hafi orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra. Þegar slökkviliðið mætir á staðinn tekur stjórnandi slökkviliðsins við stjórnun.

- **Allir í öruggt skjól.**

Farið er með börn og starfsfólk í þrumuna að Víkurbraut 21. Grindavík

- **Allir taka þátt.**

Virkja skal sem flesta starfsmenn leikskólans í hlutverk t.d. að halda dyrum opnum o.fl.

- **Deildarstjórar**

Deildarstjórar hafa samband við foreldra/forráðamenn barna til að tryggja að upplýsingar um atburð berist eftir réttum leiðum.

- **Sálrænn stuðningur.**

Áfallaráð fundar og metur hvort leita þurfi eftir aðstoð utanaðkomandi aðila til að veita börnum, starfsfólki og eða foreldrum sálrænan stuðning eða áfallahjálp.

Hlutverk starfsmanna

Leikskólastjóri eða staðgengill:

- Fara að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis og aðgæta það.
- Svare símtali frá Öryggismiðstöðinni.
- Hringja í 112 ef þarf.
- Taka á móti slökkviliði og gefa stjórnanda upplýsingar um ástandið.

Leikskólakennarar og annað starfsfólk:

- Sjá um rýmingu húsnæðis.
- Taka með nafnalista.
- Fara með börnin á söfnunarsvæði.
- Fara yfir nafnalista og láta vita ef einhver vantar.
- Koma börnum í öruggt skjól.
- Muna að tryggja að foreldrar/forráðamenn barna fái upplýsingar um atvik eins fljótt og hægt er.

Börn geta orðið mjög hrædd við vissar aðstæður og jafnvel falið sig undir húsgögnum eða inni í skáp. Munið að halda ró ykkar og góð aðferð í rýmingu er að láta börnin leiðast (finna sér félagi).

Söfnunarstaðir

